

Náttúran í nýju ljósi

Frumskógur

Örstutt um myndbandið: Myndbandið fjallar um frumskóginn sem er skjól fyrir fjölbreytilegar plöntur og dýr og lífsnauðsynlegur til að halda við vistfræðilegu jafnvægi á jörðinni.

Efnisráður: Meira en helmingur af þekktum jurta- og dýrategundum jarðar býr í frumskógum sem ná aðeins yfir 6% af yfirborði jarðar. Fjölbreytni lífríkisins er svo gífurleg að vísindamenn hafa einungis rannsakað 1/100 af þeim tegundum sem þar eru. Regnskógar eru lagskiptur lífheimur þar sem loftslag hefur ekki breyst síðan á krittartímabilinu. Þeir tempru og stjórna loftslagi og endurvinnu ferskvatn heimsins. Skógarnir hafa minnkað um helming frá upphafi 20. aldarinnar og eins og eyðingu er háttáð nú verða þeir horfnir um miðja 21. öldina.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að kynna mikilvægi regnskóga í vistkerfi jarðarinnar
- Að þekkja lagskipt umhverfi skóganna
- Að skilja mikilvægi þess að vernda regnskógana gegn frekari eyðingu

Helstu atriði og hugtök:

- ljóstíllífur
- aðlögun (samstígróun)
- lagskiptur lífheimur
- lággróðurbelti
- samlífi (sníkjulífi, samhjálpi, gíslífi)
- búsvæði, starf (kjörbýli, sess)
- lækningarmáttur frumskógajurta
- temprun og stjórn loftslags

Hugmyndir að verkefnum

- Finna og bera saman mismunandi samlífi í frumskóginum
- Búa til lagskiptan skóg
- Teikna upp fæðukeðjur sem finnast í frumskógi
- Endurvinnsla vatns og geymsla þess í frumskóginum
- Nefna dæmi um mismunandi dreifingu fræja. Bera saman plöntur á Íslandi og í regnskógum
- Safna fræjum með því að fara í ullarsokka yfir skóna og ganga um blómlendi þar sem mikið er af plöntum með fræjum
- Skógarferð í íslenskan skóg eða trjálund. Skoða lagskiptingu skógarins, plöntur og dýr frá skógarbotni til trjákróna. Fara með gátlista og /eða greiningarlykla

Til umræðu:

- Mikilvægi regnskóga og nauðsyn verndunar. Hvað er til ráða gegn eyðingu þeirra?
- Mismunandi búsvæði, samkeppni, samvinna
- Hvernig yrði lífið á jörðinni án regnskóga?

Tengsl við námskrá:

Um hlutverk og eðli náttúruvísinda: viðhorf til umhverfis, náttúru og vísinda

Úr jarðvísindum: loft, láð og lögur

Úr lífvísindum: erfðir, aðlögun, þróun; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt

Tengsl við námsefni:

Einkenni lífvera

Lífríkið á landi

Tré

Ég greini tré

Fræverður að plöntu (kennsluleiðbeiningar með tilraunum og verkefnum)

Greiningarlyklar fyrir smádýr (Landið)

Villi mús (PC forrit)

Umhverfið – skiptir það máli?

Náttúruverkefni (t.d. ferðir fræja)

Titill á frummáli: *Jungle*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason